



## FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ 7. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2013 MIÐVIKUDAGINN 20. NÓVEMBER kl.12.25-13.25

### 1. Bréf o.fl. erindi.

#### A. Umsóknir um leyfi

Afgreiðsla leyfa er send á netföng nemenda hér í skólanum.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlök svo fremi sem skólasókn er að öðru leyti góð.

#### B. Önnur bréf: (sjá minnisblað)

Einn nemandi segir sig frá námi í FG.

### 2. Skólasókn

Yfirlit um skólasókn lagt fram (Fylgiskjal 1).

### 3. Félagslíf og fjármál NFFG

Borðtennismót er fyrirhugað n.k. föstudag og er skólameistari tilbúinn að freista þess að verja titilinn frá síðasta móti. Peysusala á vegum NFFG er í fullum gangi. Skólameistari vildi koma því á framfæri að fjármálastjóri skólans væri sérstaklega ánægður með störf núverandi stjórnar NFFG. Nú fer prófatíminn í hönd og nemendur því uppteknir við námið. Þó er nemendaforystan nú þegar byrjuð undirbúning að árhátíð í febrúar.

### 4. Önnur mál

Nokkuð hefur borið á því að nemendur leika tölvuleiki í tölvustofum. Tölvuleikir eru bannaðir út önnina en nemendum er velkomið að halda sérstök tölvuleikjakvöld ef áhugi er fyrir hendi. Þeim er þá bent á að hafa samband við Tinnu félagsmálafulltrúa.

#### Fundinn sátu:

Agnes Alda Magnúsdóttir forseti NFFG  
Anna Guðrún Hugadóttir námsráðgjafi  
Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari og fundarritari  
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri  
Kristinn Þorsteinsson skólameistari  
Nína Ingólfssdóttir fjármálastjóri NFFG fulltrúi nemenda  
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi  
Snólaug Bjarnadóttir áfangastjóri  
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi  
Unnur Símonardóttir námsráðgjafi